

1863.

20. febrúarm. 1750 hefir sett um spítalahlutina á Vestmannaeyjum; var það í því efni tekið fram, að þær hinar sèrstaklegu ákvarðanir, sem lögðu spítalahlutina til sveitarsjóðsins á eyjunum, hafi, eins og alþingi hafi vikið á, verið settar á þeim tíma, þegar eyjar þessar, vegna þess hvað þær eru afskekktar, voru enn ver farnar að því, er læknaþjálp snertir, en önnur hèruð á Íslandi, en þar á móti sè nú hlutfallið orðið gagnstætt eptir að búíð sè að stofna lækniembætti þar á eyjunum. Við þetta bætist, að það er mjög ákjósanlegt, að árlegar tekjur hins íslenska læknaþjóðs geti aukizt, og þannig sjóðurinn fengið meiri efni til að ná hinum mikils umvarðandi tilgangi sínum, en hann er sá eptir konungsrúskurði 12. ágústm. 1848, að bæta læknaþjálfunina á Íslandi. En eptir því, sem konungsfulltrúi hefir frá skýrt, mundi það, eins og nú er ástatt, verða ervitt fyrir íbúa Vestmannaeyja að greiða 30 rdl. á ári í laun handa yfirsetukonu, þegar búíð væri að svipta sveitarsjóðinn spítalahlutunum, og má þó álíta fjárútlát þessi nauðsynleg, til þess menn geti verið vissir um að fá duglega yfirsetukonu á eyjarnar; þessvegna virtist dómsmálastjórninni vera ástæða til að láta greiða fè þetta úr læknaþjóðnum þangaðtil gjörð yrði önnur ákvörðun um það efni. — Að endingu skal þess getið, að dómsmálastjórninni ekki virtist vera neitt því til fyrirstöðu, að breyting þessi kæmist á á þeim tíma, sem alþingi hafði stungið upp á.

20. aprilm. 27. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtamannsins yfir Íslandi, um þóknun handa yfirsetukonu á Vestmannaeyjum fyrir aðstoð þá, er hún veitir hinum sjúku.

Útaf bænarskrá þeirri, er hingað barst með bræfi yðar, herra stiptamtmaður, 5. nóv. f. á., hefir dómsmálastjórnin, eptir að hún var búin að skrifast á um það efni við fjárstjórnina, veitt Solveigu Markússen, yfirsetukonu á Vestmannaeyjum, fyrst um sinn á meðan lækniembættið þar er óveitt, 10 ríkis-

1863.

dali um mánuðinn frá 1. degi ágúst. f. á. í þóknunarskyni fyrir aðstoð þá, sem hún lætur hinum sjúku í tæ þar á 20. aprilm. eyjunum.

Um leið og yður er kunngjört þetta, yður til leiðbeiningar, þá skal þess getið, að samkvæmt uppástungu yðar ber að greiða þóknun þessa af launum þeim, sem ákveðin hafa verið lækni-embættinu á Vestmannaeyjum, og taka hana af þeim helmingi þeirra, sem hingaðtil hefir verið óeyddur síðan embættið losnaði; því skal og við bætt, að svo hefir verið hlutast til, að þóknun sú, sem yfirsetukonunni eptir þessu ber frá 1. ágúst. f. á. til 31. f. m., en það eru 80 rd., hefir verið borguð út úr aðalféhirzlu ríkisins, og fæð síðan verið afhent N. N. Bryde, íslenzkum kaupmanni, og hefir sýslumanninum á Vestmannaeyjum í dag verið send ávísun uppá fæð, sem kaupmaður þessi hefir út gefið; en landfógetanum á Íslandi hefir einnig í dag verið ritað um að greiða þóknunina úr jarðabókarsjóðnum frá 1. degi þessa mánaðar.

28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa H. Krabbe, dr. med., til að rannsaka sullaveikina á Íslandi.

30. aprilm.

Eptir bænarskrá, er hingað hefir verið send og hið konunglega heilbrigðisráð hefir mælt fram með, hefir dómsmálastjórnin veitt H. Krabbe, dr. med., 500 ríkisdala ferðastyrk til þess að ferðast á þessu ári til Íslands til að rannsaka gjör sullaveiki þá, sem þar gengur, og stinga síðan upp á hinum hagfelldustu ráðum til að reisa skorður við sýki þessari.

Þetta er yður hérmeð kunngjört, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið ritað um að greiða þessa 500 rd. úr jarðabókarsjóði Íslands þegar Krabbe doktor æskir þess. Um leið skorar dómsmálastjórnin á yður að hlutast til um, að yfirvöldin sýni Krabbe doktor, meðan hann dvelur í suðurum-